

Henry Schein Fides hf
Laufásgötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 9. desember 2021
UST202107-051/F.K.
07.10.02

Efnaeftirlit - Tannhvítunarvörur í sölu til tannlækna- Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 28.9.2021 vegna eftirlits í kjölfar ábendingar á eftirfarandi snyrtivörum til tannhvítunar, seldum til tannlækna, sem fyrirtækið Henry Schein Fides hf er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
Opalescence Go 6%	Ekki til staðar
Opalescence PF Melon 20%	Ekki til staðar

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með vörunum Opalescence Go 6% og Opalescence PF Melon 20%. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Henry Schein Fides hf setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 26.400,-.

Upplýsingar um snyrtivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Fífu Konráðsdóttur varðandi snyrtivörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson,
sérfræðingur